

## Fundargerð fulltrúaráðs

\*\*\*\*\*

76. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 4. maí, 2009 kl. 12.00 í Slökkvistöð Selfossi

**Mættir: Margrét K. Erlingsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Margrét Sigurðardóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Ingvar G. Ingvarsson og Ólafur Leifsson**

**Einnig mætti á fundinn:**

**Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð**

### **Efni fundarins var eftirfarandi:**

#### **1. Rekstrar- og starfsmannamál**

Formaður kynnti að stjórn fundaði með samráðshópi slökkviliðsmanna 1. maí s.l. og kynnti fyrir þeim drög að framtíðarsýn. Samþykkt var á þeim fundi að hópurrinn fundaði með slökkviliðsmönnum og kynnti þeim málið. Formaður lagði fram fundargerð af fundi slökkviliðsmann þann 3. maí s.l. Í fundagerði kemur meðal annars fram ósk um að stjórn fundi með slökkviliðsmönnum sem sagt hafa upp.

**Fulltrúaráð samþykkir að funda með þeim starfsmönnum sem þess óska.**

Stjórn og fulltrúaráð samþykkir að slökkviliðsstjóri auglýsi nú þegar eftir slökkviliðsmönnum til Brunavarna Árnassýslu á starfssvæði slökkviliðsins við slökkvistöðinni á Selfossi.

#### **2. Bókun stjórnar og fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu vegna stafsmannamála slökkviliðsins**

**Stjórn og fulltrúaráð Brunavarna Árnassýslu þakkar samstarf og samvinnu við fulltrúa Landssambands slökkviliðsmanna f.h. slökkviliðsmanna BÁ, vegna vinnu þeirra við að leysa ágreiningsmál sem upp komu milli yfirstjórnar BÁ og nokkurra slökkviliðsmanna.**

**Samkomulag það sem undirritað var í sl. viku með LSS lítur til dæmis að kynningarmálum BÁ og samstarfsvettvangi stjórnar og starfsmanna. Einnig að skerpt sé á helstu áhersluatriðum í starfsmannahaldi og verklagsreglur séu skýrðar.**

Framundan eru tímar uppbyggingar innan BÁ, er það okkar trú eftir samstarf við LSS, að stjórn, fulltrúaráð og starfsmenn muni standa saman að því verkefni.

Slökkviliðsstjóri heldur utan um rekstur stofnunarinnar og starfar í umboði stjórnar og fulltrúarráðs, eitt af hans verkefnum síðustu ár er að hafa forystu um uppbygginu BÁ. Uppbygging á búnaði BÁ hefur verið mikil síðustu ár og þar af leiðandi miklar fjárfestingar, slökkviliðsstjóri hefur haldið vel utan um fjármál og fjárfestingar BÁ á uppbyggingatímum.

Slökkviliðsstjóri hefur starfað í einu og öllu eftir samþykktum stjórnar og fulltrúaráðs og ekki farið út fyrir þann ramma. Stjórn og fulltrúaráð styður slökkviliðsstjóra í störfum hans.

Stjórn og fulltrúaráð lýsir fullum stuðningi við alla aðra starfsmenn B.A., bæði þá sem ætla að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu B.A. og þá sem ákveðið hafa að hverfa frá til annarra starfa. Þeim er frá hverfa þökkum við fórnfúst starf síðustu ár og óskum þeim velfarnaðar.

Stjórn og fulltrúaráð B.A. hvarmar að upp hafi komið ágreiningur um kjarasamning starfsmanna og biðst enn og aftur afsökunar á því.

Síðustu vikur hafa verið erfiðar innan B.A., bæði fyrir starfsmenn og stjórnendur, en nú er sá tími kominn að horfa ber fram á við og að allir aðilar taki saman höndum við styrkingu og eflingu liðsheildarinnar, við erum sterkari saman sem ein heild en sundruð. Brunavarnir Árnassýslu búa yfir miklum mannauð og hefur styrkur liðsins ávallt verið mikill. Brunavarnir Árnassýslu mun auglýsa eftir starfsmönnum á starfssvæði slökkvistöðvarinnar á Selfossi núna í vikunni. Á meðan verið er að þjálfa upp nýja starfsmenn mun verða sett upp öryggisáætlun með núverandi slökkviliði sem og slökkviliðum í nærsveitum og á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn og fulltrúaráð þakkar formanni stjórnar, slökkviliðsstjóra og lögfræðingi B.A. þá miklu vinnu sem þau hafa lagt í að leysa verkefni síðustu vikna. Stjórn og fulltrúaráð þakkar fulltrúum LSS fyrir gott og ánægjulegt samstarf síðustu vikur. Stjórn og fulltrúaráð sendir starfsmönnum, fjölskyldum þeirra og öðrum Sunnlendingum bestu óskir um gleðilegt og happadriúgt sumar.

### 3. Skipting framlaga B.A.

Slökkviliðsstjóri greindi frá því að svör hafi borist frá öllum aðildarsveitarstjórnnum B.A. varðandi tillögu um skiptingu framlaga til B.A. fyrir árið 2009.

**Fulltrúaráð felur slökkviliðsstjóra að reikna út framlögin miðað við samþykkt tillögunnar og senda til sveitarstjórnanna.**

### 4. Húsnæðismál slökkviliðsins

Umræður urðu um húsnæðismál slökkviliðsins. Fram kom að lítið sé að fréttu af stöðu mála varðandi hús Björgunarmiðstöðvarinnar við Árveg á Selfossi.

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 13.30**

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Snæbjörn Sigurðsson, Ingvar G. Ingvarsson Margrét Sigurðardóttir, Ólafur F. Leifsson, Kristján Einarsson.**